

Fatlaður á ferðalagi

Að ferðast er að lifa sagði Mark Twain.

Fatlaðir vilja eins og aðrir lifa lífinu lifandi.

Fatlaðir vilja ferðast, en það er oft erfitt.
Það þarf þó ekki að vera svona erfitt ef réttar
aðstæður eru skapaðar.

Ég hef ferðast mikið þrátt fyrir að vera bundin í
hjólástól.

Ég hef ferðast bæði innan lands og utan.

Aðgengi er lykilatriði. Ég og fjölskylda mín veljum
stað, hótél og veitingahús eftir því hvort aðgengi sé
fyrir hjólástól eða ekki.

Mörg veitingahús eru fullkomlega óaðgengileg fyrir
einstakling í hjólástól.

Stundum þarf bara smá lagfæringar.

Í kringum hvern fatlaðan einstakling er oft stór hópur
fólks, t.d. ættingjar, vinir og aðstoðarfólk.
Fyrirtæki sem ekki hafa aðgengi missa af
viðskiptum.

Sumum finnst það kannske skrytið en best finnst
mér að ferðast um Bandaríkin.

Þar er víðast mjög gott aðgengi fyrir hjólástól, t.d. í
búðum og á hótélum og veitingahúsum og hjá
opinberum stofnunum.

Þessir hlutir eru bara hafðir í lagi því annars þurfa fyrirtækin að greiða háar skaðabætur.
Kannske vantar okkur svona lög á Íslandi.

Það er mun dýrara fyrir fatlaða að ferðast en aðra. Margir fatlaðir hafa ekki efni á því að ferðast. Það þarf til dæmis að borga aðstoðarfólki, leigja hjólastólabíl (mun dýrari en aðrir bílar). Takmarkað val, til dæmis á hóteli eða áfangastað, oft dýrara.

Þegar fólk í hjólastól ferðast þarf að undirbúa hvert smáatriði löngu áður.

Til dæmis tryggja hentugt sæti í flugvélinni, panta aðstoð á flugvöllum, panta hjólastólabíl, panta hótél með aðgengi, fá upplýsingar um innanmál á lyftum, hvort bíl sé undir rúminu vegna ferðalyftunnar, hvernig er klósett- og baðaðstaða og fleira

Ef eitthvað klikkar, þá er maður í vondum málum. Ég hef lent í því að þurfa að bíða í heilan dag á flugvöllinum í Palermo þar sem ekki fékkst neinn hjólastólabíll.

Endaði með því seint um kvöld að við neyddumst til að panta sjúkrabíl, sem flutti mig með sírenum og blikkljósum á hótelið.

Ég ætla að sýna ykkur nokkrar myndir frá ferðalögum mínum á undanförunum árum.